

## AUGLÝSING

### um menningarsamning við Alþýðulýðveldið Kína.

Samningur um menningarsamstarf milli Lýðveldisins Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína, sem gerður var í Peking 27. nóvember 1994, öðlaðist gildi 23. september 1996.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytinu, 27. september 1996.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Helgi Ágústsson.*

### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR um menningarsamstarf milli Lýðveldisins Íslands og Alþýðulýðveldisins Kína.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína (hér á eftir nefndir samningsaðilar), sem æskja þess að styrkja vinsamleg samskipti þessarra tveggja landa og efla gagnkvæman skilning og þekkingu þeirra í milli með því að auka menningartengsl landanna, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Markmiðið með þessum samningi er að efla samvinnu þessara tveggja landa á sviði menningar, tækni og vísinda.

2. gr.

Samningsaðilar skulu efla samvinnu þessara tveggja landa í menntamálum með samningnum milli háskóla, skiptiheimsóknum háskólakennara og fræðimanna og sameiginlegum vísindalegum rannsóknum á sviðum sem báðir aðilar hafa áhuga á.

3. gr.

Hvor samningsaðila um sig skal með gagnkvæmu samkomulagi og eftir því sem fjárhagur leyfir efla starfsemi stofnana og samtaka sem vinna að auknum menningartengslum milli landanna tveggja.

4. gr.

Hvor samningsaðila um sig skal efla kennslu í tungumáli og menningu hins landsins í háskólum sínum og öðrum æðri menntastofnunum.

5. gr.

Samningsaðilar skulu með gagnkvæmum hætti bjóða fram styrki til námsmanna eða þeirra sem hafa lokið háskólanámi frá hinu landinu til náms eða rannsókna við háskóla eða svipaðar stofnanir, svo sem tónlistarháskóla og æðri menntastofnanir á sviði hugvísinda, raunvísinda og lista.

6. gr.

Samningsaðilar skulu efla samvinnu í útgáfumálum, einkum er lýtur að bókasýningum, þýðingum og útgáfum bókmenntaverka hins landsins, innan þess ramma sem lög hvors lands um sig leyfa.

7. gr.

Samningsaðilar skulu skiptast á sýningum sem gefa mynd af listrænni og menningarlegri arfleifð hvors lands um sig.

8. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að samvinnu á sviði tónlistar, danslistar, myndlistar, leiklistar og kvikmyndalistar með skiptiheimsóknum listamanna og þátttöku í hátíðum eða öðrum mikilvægum listviðburðum.

9. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að miðlun upplýsinga og skiptiheimsóknum forgöngumanna á sviði hagfræði og menningar- og félagsmála.

10. gr.

Samningsaðilar skulu stuðla að miðlun upplýsinga og reynslu og skiptiheimsóknum forgöngumanna á sviði íþróttá- og æskulýðsmála.

11. gr.

Samningsaðilar skulu hvetja til samskipta og samvinnu milli útvarps- og sjónvarpsstöðva landanna.

12. gr.

Taka skal ákvörðun um tilhögun og fjármögnun þeirrar starfsemi sem fram fer samkvæmt þessum samningi í hverju tilviki fyrir sig og á grundvelli viðræðna milli samningsaðila.

13. gr.

Samningur þessi öðlast gildi sama dag og samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega að þeir hafi lokið lögformlegri meðferð þessa máls.

14. gr.

Gildistími samningsins er fimm ár. Hafi hvorugur samningsaðila tilkynnt hinum skriflega um vilja sinn til að segja samningnum upp sex mánuðum áður en hann fellur úr gildi framlengist samningurinn sjálfkrafa um önnur fimm ár og er þá unnt að endurnýja hann á sama hátt.

Gjört í Peking hinn 27. nóvember 1994 í tvíriti á íslensku og kínversku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
Lýðveldisins Íslands

Ingvi Ingvarsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar  
Alþýðulýðveldisins Kína

Liu Deyou